



<b>Dags. fundar:</b> 23. febrúar 2010	<b>Tími:</b> 19:30	<b>Nr. fundar:</b> 02-2010
<b>Fundarboðari:</b> Guðmundur Jóhannesson	<b>Fundarritari:</b> Sigrún Sunna Skúladóttir	<b>Staður:</b> Tíbrá, Selfoss.

Mættir voru Guðmundur formaður, Guðbjörg gjaldkeri, Ingibjörg og Sigrún sem skrifaði fundargerð, Guðbjörg mætti seinna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Ársreikingar 2009
  - a) Erum í meira tapi en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist það af tekjutapi vegna skilta. Eins og talað hefur verið um áður tapaði Sunddeildin 6 mán tekjum af skiltum vegna framkvæmda við Sundhöllina. Einnig skýrist verri staða af lægri innkomu í flöskusöfnun.
3. Aðalfundur verður 2 mars kl: 20 í Tíbrá og er búið að auglýsa hann. Hann verður með hefðbundnu sniði.
4. Framundan er Selfossmeistaramót þann 27. feb. Upphitun hefst kl. 9:30 og þetta mót verður löglegt. Í mars verður vormót Fjölnis. Flöskusöfnun verður 27. mars með venjulegu sniði.
5. Rætt um lyftu í sundlaug. Í ljós hefur komið að lyftan í innilauginni tekur eina braut frá sundmönnum á mót. Stjórnin veltir fyrir sér hvort laugarnar séu löglegar til mótahalds efir að þessar lyftur voru settar upp. Með tilliti til þess að landsmót er framundan og þá þarf að vera sundlaug sem er lögleg til keppni.
6. Næsti fundur er aðalfundurinn 2 mars.

Fundi slitið kl 21

Fundargerð skrifaði Sigrún Sunna.